

Sveitarfélagið Hornafjörður
Anna Bragadóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 14. mars 2024
UST202402-267/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 fyrir nýtt verslunar- og þjónustusvæði á Höfn

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 15. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 fyrir nýtt verslunar- og þjónustusvæði á Höfn.

Í greinargerð kemur fram að tillagan snýst um að afmarka nýtt verslunar- og þjónustusvæði VP- 51 við Hafnarbraut, nálægt norðurjaðri núverandi byggðar fyrir rýmisfrekar verslanir og aðra þjónustu sem getur farið vel saman. Auk þess segir að til samanburðar við þetta svæði verða skilgreindir valkostir um uppbyggingu verslunar- og þjónustuhúsnæðis innan núverandi byggðar og þeir bornir saman m.t.t. tiltekinna matspátta.

Umhverfisstofnun vill hvetja sveitarfélagið til að huga að þéttingu byggðar, að horfa til þegar raskaðra svæða innan þéttbýlis og standa vörð um öröskuð svæði og græn svæði. Auk þess er nauðsynlegt að tryggja gott aðgengi og öryggi gangandi og hjólandi að verslunarsvæðinu og innan þess.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur